



Umhverfi - Umhyggja

Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Starfsáætlun leikskólans Undralands 2022-2023



Þessi „sófi“ er inni á Grænhól um þessar mundir og er gjöf frá foreldrafélaginu

Drög að starfsáætlun 2022- 2023 með 2023 – 2024 ívafi
Ingveldur Eiríksdóttir apríl 2023

Innihald

Inngangur	3
Frá leikskólastjóra.....	3
Leikskólinn Undraland	4
Leikskólastarfið í Undralandi	4
Dagskipulag.....	4
Starfsfólk Undralands apríl 2023	5
Áherslur í leikskólastarfinu skólaárið 2022 – 2023.....	5
Skóladagatal 2022-2023	6
Stytting vinnuvikunnar	7
Orlofsdagar starfsfólks	7
Aðrir viðburðir	7
Skóladagatal 2023 – 2024.....	7
Mat á leikskólastarfi	7
Innra mat	7
Ytra mat	8
Öryggi og slys.....	8
Starfsþróun í leikskólanum.....	9
Foreldrasamstarf	9
Samstarf leik- og grunnskóla	9
Barnafjöldi veturinn 2022-2023	10
Stoðþjónusta	10

Inngangur

Skv. 14. gr. laga um leikskóla skal árlega gefa út starfsáætlun í hverjum leikskóla. Þar er gerð grein fyrir árlegri starfsemi skólans, s.s. skóladagatali, foreldrasamstarfi, viðfangsefni innra mats, umbótaáætlunum, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu, fyrirkomulagi öryggis- og slysamála auk ýmissa hagnýtra upplýsinga um skólahlald hvers leikskóla.

Frá leikskólastjóra

Veturinn 2022 – 2023 hefur verið nokkuð strembinn starfsmannalega séð, starfsfólk hefur verið frá vegna náms, veikinda og slysa. Einnig hafa kennarar hætt störfum og nýir komið inn.

Í vor fáum við þrjár konur til þess að leysa af og fylla upp í skarðið. Tvær þeirra koma eftir að framhaldsskóla þeirra lýkur í vor og ein er þaulreynd í mörgu og verður í afleysingum á Grænhól. Ein umsókn hefur borist um framtíðarstarf og kemur hún til starfa 1. maí. Tvær fyrirspurnir hafa borist um starf næsta vetur og þar er vilji til að starfa hér til frambúðar. Þetta er ákaflega gleðilegt og gott sérstaklega þar sem ég bind vonir við að stór hluti af starfsfólkinu haldi áfram næsta skólaár.

Þegar stjórnendur leikskólans eru eins mikið frá og verið hefur í vetur (skólastjóri og deildarstjórar á Hofi) er ekki nema von að hrikki í stoðum leikskólans og núningur verður. Við höfum ekki farið varhluta af því og mikilvægt er að hlúa vel að leikskólastarfinu, starfsfólki og – ekki síst börnunum.

Ég hef byrjað vinnu við samskiptasáttmála sem víða er verið að vinna að og lagt fyrir hópinn fróðleiksmola og leiðir til góðra samskipta. Þau er alltaf hægt að bæta.

Áhugi er fyrir því að setja saman stýrihóp um þróun og hönnun útináms, aðstöðu, áherslur og aukið samstarf við nærsamfélagið og þá ekki síst grunnskólann sem væri sterkur samstarfsaðili.

Ég er vongóð fyrir komandi skólaáriog bind miklar vonir við stöðugleika í starfsmannahaldi sem er ákaflega mikilvægur. Einhvern tímann lærði ég að eftir þrjú ár í stóli skólastjóri fari skólinn að bera svip starfshátta nýrra (og eldri) stjórnenda, eftir 5 ár sé stöðugleika náð og eftir 8 ár sé starfið orðið „sjálfbært“ og tímabil þróunar og framfara sé (vonandi) tilkomið.

Mér finnst þetta svolítið gott plan, fyrir leikskólann í Undralandi.

Í apríl 2023

Ingveldur Eiríksdóttir

Leikskólinn Undraland

Starfssemi og áherslur skóláársins

Almennar upplýsingar um stefnu og áherslur í skólastarfinu má finna í [Stytttri útgáfu af skólanámskrá skólans](#). Verða þær því ekki endurteknar hér.

Námskráin er í endurskoðun þar sem miklar breytingar hafa orðið á mannahaldi og kennsluháttum í skólanum. Hið sama má segja um starfsáætlunina, hún er í sífelldri mótun því starfs leikskólans mótast mjög af því fólki sem vinnur þar og fjölda.

Ekki verður farið hér í markmið og tilgang leikskólans heldur vísast til laga um leikskóla.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Leikskólastarfið í Undralandi

Leikurinn, í allri sinni fjölbreytni, er hornsteinn leikskólastarfsins hér í Undralandi. Fyrir börn er leikurinn lífstjórningur sem ýtir undir það að barnið búi sér til leið til náms í gegnum áhuga og gleði. Í leik er barnið að skapa úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og leitar lausna. Í leik er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Leikur er líf og starf barnanna þar sem þau fá tækifæri til að vinna úr upplifunum sínum og geta sjálf skipað sér í ýmis hlutverk og virkjað þannig sköpunargáfu sína á margvíslegan hátt.

Þetta gerum við með því að ýta undir leik barnanna, leika með og við þau og skapa aðstæður þar sem ímyndunaraflíð kviknar, vex og dafnar.

Dagskipulag

Dagskipulag byggist á frjálsum leik, hópastarfi og daglegum venjum.

Þá er einkum átt við:

Hringekja – sex mismunandi viðfangsefni sem jafn margir hópar leysa á tveimur dögum. Hver hringekja er alls 90 mínútur.

Útinám – skipulagt útinám er að minnsta kosti einu sinni í viku og oftast þegar þannig vill.

Ávaxtastund – lestur og félagsfærni.

Söngur

Útivist tvisvar á dag hið minnsta. Þegar gott er veður er ávaxta – og síðdegishressing úti.

Allt starfsfólk á sinn undirbúningstíma sem oftast nær er eftir hádegi.

Starfsfólk Undralands apríl 2023

Alda Kristín Jóhannsdóttir	Deildarstjóri Hofi
Auður Hanna Grímsdóttir	Leikskólakennari. Nemi í Þroskaþjálfarafræðum
Elma Jóhannsdóttir	Deildarstjóri á Grænhól.B.ed í leikskólakennarafræðum
E. Cornelia M. Walden	Hópstjóri á Hofi
Eva Jodasova	Leiðbeinandi á Grænhól
Ingveldur Eiríksdóttir	Skólastjóri
Ída Bjarnadóttir	Deildarstjóri á Hofi. Nemi í leikskólakennarafræðum
Jónína Kristbjörg Björnsdóttir	Leikskólaliði
Júlía Sól Kristinsdóttir	Leiðbeinandi á Hofi
Katrín Georgsdóttir	Leiðbeinandi á Grænhól
Magni Þór Björnsson	Leiðbeinandi á Hofi
Margrét Lilja Thorsteinson	Leiðbeinandi á Hofi
Nina Faryna	Matráður
Peter Palicka	Þrif
Sintija Dorozka	Leikskólakennari á Hofi.
Telma Þöll Þorbjörnsdóttir	Leikskólaliði á Grænhól
Valdís Magnúsdóttir	Deildarstjóri sérkennslu
Valný Björg Guðmundsdóttir	Leikskólaliði
Vignir Öxndal Ingibjörnsson	Leiðbeinandi á Hofi
Zuzana Palicková	Þrif

Ekki er alveg hægt að fullyrða hvað af þessu fólki heldur áfram næsta skólaár en þó er nokkur von til þess að endurnýjun í starfsmannahópnum verði ekki gríðarleg.

Áherslur í leikskólastarfinu skólaárið 2022 – 2023

Með vísan í starf 2021-2022

Haustið 2021 var farið af stað með þróunarverkefni um aldursblöndun barna á Stekkhól og Völuhól og keyra deildirnar meira saman. Um er að ræða börn á aldrinum 2,5 ára og til 5 ára aldurs. Hrafnhildur Karlsdóttir, leikskólaráðgjafi hjá Félags-og skólaþjónustu Árnesþings var fengin til að vinna og meta verkefnið með okkur. Sama haust var byrjað með að keyra faglegt starf í hringekju. Áframhald var á þessum verkefnum í vetur, en þó án aðkomu Hrafnhildar.

Nú er komið að því að meta hvernig til hefur tekist, blendnar skoðanir eru á meðal starfsfólks um kosti og galla aldursblöndunar en ætlunin er að meta hana í samstarfi við Hrafnhildi ásamt stjórnun.

Hringekjan hefur tekist vel og er almenn ánægja með hana bæði á meðal starfsfólks og barna.

Megin þungi leikskólastarfsins í Undralandi er útinám og þrátt fyrir að mönnun hafi sett strik í reikninginn í skipulagningu þess, hefur tekist að færa þessa góðu hefð á milli ára, gera verkefnið nokkuð sjálfbært.

Drög að starfsáætlun 2022- 2023 með 2023 – 2024 ívafi
Ingveldur Eiríksdóttir apríl 2023

Skólinn á orðið gott útiöldunarsett, gullkistuna, hengirúm og tjald auk alls kyns annars búnaðar sem notaður er í útináminu. Kvenfélagsskógurinn og Tjarnargarðurinn eru endalausar uppsprettur náms sem felur í sér útivist, samveru, félagsþjálfun og sköpun.

Lubbi, Blær og Bína eru tækin okkar og tól til að sinna málþroska, félagsfærni og hegðun og lifa sömuleiðis góðu lífi þrátt fyrir að miklar mannabreytingar hafi verið á síðustu tveimur árum.

Skóladagatal 2022-2023

Sú nýbreytni verður nú reynd að boða deildarstjóra fyrir til starfa í ágúst til þess að undirbúa starfið, komu barna og annarra starfsmanna. Þeir munu svo fara fyrir í sumarfrí, þannig að þeir fái fimm vikna samfellt sumarleyfi eins og aðrir starfsmenn.

28. – 30. júní 2022

Deildarstjórar fara þremur dögum á undan öðrum í sumarfrí.

Starfsdagar eru sjö talsins á starfstíma

Dæmi um verkefni: Haust: ódagsett, leikskólakennaraþing – allir starfsmenn. Önnur dagsetning en hjá Flúðaskóla

3. október:

Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl, mat á starfi haustsins og starfið fram undan. Endurmenntun frá Skólaþjónustunni 2 klst. Sami og í Flúðaskóla

25. nóvember:

Undirbúningur desembermánaðar ásamt mati á hvernig skólastarfið hefur gengið og samstarf á milli deilda. Sami og í Flúðaskóla

2. janúar:

Skipulagstími sem nýttur er utan hefðbundins vinnutíma á haustönn.

15.mars:

Skipulagsdagur. Mat á starfinu, endurmenntun, skipulag næstu vikna. Annar tími en í Flúðaskóla

13. – og 14. febrúar:

Vetrarfrí sama og í grunnskóla. Ýmis rök eru fyrir því að ung börn þurfi jafnt frí sem þau sem eldri eru og hið sama á við um leikskólakennara og grunnskólakennara. Með þessu móti truflast ekki leikskólastarfið vegna töku orlofsdaga í annan tíma né þarf að ráða inn afleysingu vegna þeirra. Það er von mín að Hrunamannahreppur komi vel að málum og skapi hér t.d. hefði í kringum vetrarhátíð eða styðji við lífið hér í gegnum heilsueflandi uppsveitir.

Orlofsdagar starfsfólks

Alla jafna eiga starfsmenn 5 orlofsdaga eftir þegar þeir koma til starfa eftir sumarfrí skólans. Rekstrarlega og skipulagslega séð er mun betra að festa þessa daga inni á skóladagatali heldur en að lenda í því jafnt og þétt yfir veturinn að „missa“ starfsmenn í orlof. Ef 15 starfsmenn eiga 5 ótekna daga hver eftir í orlof erum við að tala um 75 virka daga sem eru næstum 4 mánuðir skólaársins þar sem einhvern vantar til starfa.

Stytting vinnuvikunnar

Nú eftir áramótin hefur verið samráðshópur innan leikskólans sem unnið hefur að tillögum um hvernig skuli ná fullri styttingu vinnuvikunnar. Hefur hópurinn skilað af sér tillögum sem ræddar hafa verið í foreldraráði og í skólanefnd. Ákvörðun um fyrirkomulag liggur ekki fyrir er þetta er skrifað en styttist þó í að niðurstaða fáist.

Aðrir viðburðir

Vordagar

Mikið var um dýrðir í maí og júní á síðasta ári:

Hjóladaður, vatnsvikan góða var á sínum stað, útskrift og útskrifarferð skólahópsins okkar, foreldrarfélagið var með samverustund í Kvenfélagsskóginum, fjöruferð var farin. Að auki var kerlinga – og karla dagar haldnir þannig að þeim var boðið að koma í leikskólann. Við höldum líka upp á 40 ára afmæli leikskólans og var þar frábær mæting.

Skólastarfið var brotið upp með litadögum, öskudegi, náttfatadegi og fleiri slíkum. Skólahópurinn sýndi Ronju ræningjadóttur við mikinn fögnuð gesta, m.a. yngra stigs Flúðaskóla.

Veturinn 2022 – 2023 stefnir í að skila af sér svipuðum viðburðum og fögnum við því hve vel er mætt á alla viðburði hjá okkur.

Í fyrsta sinn var vetrarfrí í leikskólanum og var að vel þegið bæði af hálfu barna og starfsfólks.

Skóladagatal 2023 – 2024

Nánar síðar

Mat á leikskólastarfi

Innra mat

Innra mati á leikskólum er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs í leikskólum. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna. Innra mat á að vera samofið daglegu starfi leikskólans, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu, auka vitund starfsfólks um ábyrgð þess á starfsemi leikskólans og vera liður í foreldrasamvinnu.

Í vetur hefur ekki átt sér stað kerfisbundið eða formlegt innra mat af hálfu okkar sjálfra.

Skólastarfið er þó sífellt í endurskoðun sem byggist á umræðum og mati á því hvernig gengur. Vikulegir fundir eru með skólastjóra og deildarstjórum Hofs og Grænhóls. Sömuleiðis hittast allar deildir á vikulegum fundum sem standa í um klukkustund. Einn fundur er á viku með skólastjóra og öllum deildarstjórum.

Drög að starfsáætlun 2022- 2023 með 2023 – 2024 ívafi
Ingveldur Eiríksdóttir apríl 2023

Þar er staðan tekin, mat lagt á starfið og brugðist við eða haldið áfram á sömu braut allt eftir mati hverju sinni.

Vorið 2023 verður fenginn leikskólaráðgjöf til að leggja mat á aldursblöndun sem er á Hofi (fyrrum Völuhól og Stekkhól) sem hófst haustið 2022. Þá verður sömuleiðis stjórnun leikskólans tekin til skoðunar og endurskipulögð ef þörf er á, eftir að mat er lagt á hana.

Leik- og grunnskólinn á Flúðum eru með samning við Skólapúlsinn. Ártöl sem eru oddatölur færa okkur starfsmannakönnun en ártölin þar sem þau eru sléttar tölur, eru spurningar lagðar fyrir foreldra. Mjög góð svörun er hjá bæði foreldrum/forráðamönnum sem og starfsfólki leikskólans og liggja þær fyrir á vordögum.

Í könnuninum koma fram mikilvægar vísbendingar um þætti sem ganga vel eða þarf að bæta.

Kynning á niðurstöðum er gerð af leikskólastjóra fyrir skólanefnd, starfsfólk, foreldra og niðurstöður í heild eru sendar formanni skólanefndar og sveitarstjóra. Ekki er hefð fyrir því hér að birta niðurstöður á heimasíðu skólans en það má.

Mikilvægasti þáttur innra matsins er að nýta þær til umbóta. Þá þarf að gera umbótaáætlun þar sem eftirfarandi þarf að koma fram:

Umbótaþáttur

- Markmið með umbótum.
- Aðgerðir til umbóta.
- Tímaáætlun.
- Ábyrgðaraðili/ar.
- Endurmat, hvenær og hvernig.
- Viðmið.

Deildarstjórar munu ásamt skólastjóra móta umbótaáætlun byggða á niðurstöðum Skólapúlsins – starfsmannakönnun 2023. Tímasett áætlun á að liggja fyrir í lok júní.

Ytra mat

Ytra mat í skólum er mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, ráðuneyti mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Mennta og menningarmálaráðuneytið lét síðast gera ytra mat í Undralandi 2015.

Öryggi og slys

Skipaður hefur verið öryggisfulltrúi við skólann sem er leikskólastjóri, öryggistrúnaðarmaður er Elma Jóhannsdóttir en ekki hefur verið öryggistrúnaðarmaður hér við leikskólann.

Framundan er þjálfun og námskeið á vegum Vinnueftirlitsins. Það kom í heimsókn í mars 2023 til að taka út vinnuáætlun starfsfólks, bæði líkamlegar og andlegar. Unnið verður úr tillögum þeirra.

Aðili kom sömuleiðis frá slökkviliðinu. Brunavarnakerfi var tekið og uppfært og villuprófað haustið 2022, rýmingaráætlun liggur fyrir en nauðsynlegt er að halda brunaæfingu sem fyrst og

svo reglulega héðan í frá. Best er að setja svona nokkuð inn á skóladagatal (og starfsáætlun náttúrulega).

Heilbrigðisteftirlit Suðurlands kemur á hverju hausti og skilar inn tillögum að úrbótum sem unnið er eftir.

Öll slys eru skráð í kerfi Karellen. Gera þarf viðbragðsáætlanir sýnilegar og fara yfir þær með starfsfólki. Sömuleiðis er nauðsynlegt að halda námskeið í fyrstu hjálp sem fyrst.

Starfsþróun í leikskólanum

Starfsmannasamtöl voru í febrúar 2022 og verða í apríl lok 2023. Leikskólastjóri tók og tekur viðtöl við allt starfsfólk. Upp úr þeim samtölum verður unnin símenntunaráætlun og starfsmannahald næsta vetrar skipulagt.

Veturinn 2023 var heils dags námskeið í Blæ – vináttuverkefningu okkar. Starfsfólk var margt í námi t.d.; grunnnámi í leikskólakennarafræðum, þroskajálfaranámi, framhaldsnámi varðandi ný lög um Farsæld barna, íslensku fyrir útlendinga og sótti ýmis smærri námskeið.

Foreldrasamstarf

Foreldrafélag leikskólans heitir Foreldrafélag Undralands. Félagar eru allir foreldrar eða forráðamenn barna í leikskólanum Undralandi. Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn í október. Foreldrafélagið kemur að eða sér um jólaballið, öskudagsskemmtun, vorferð, fjöruferð/berjaferð og fleiri þáttum ef óskað er eftir aðstoð. Foreldrar greiða ákveðna upphæð í hverjum mánuði í foreldrafélagið og sá sjóður er nýttur í þágu barnanna.

Í stjórn Foreldrafélags Undralands eru; Elma Jóhannsdóttir, Jóhanna Bríet Helgadóttir, Alda Kristín Jóhannsdóttir og til vara Ragnheiður Georgsdóttir.

Í Foreldraráði Undralands eru; Steinunn Lilja Heiðarsdóttir, Margrét Hrund Arnarsdóttir, Ragnheiður Kjartansdóttir og til vara Dagný Lilja Birgisdóttir. Ragnheiður Kjartansdóttir er fulltrúi frá foreldraráði sem situr fundi skólanefndar.

Leikskólinn leggur áherslu á gott samstarf/samskipti við foreldra og eru skipulögð foreldrasamtöl tvisvar sinnum á vetri, eða oftar sem deildarstjórar sjá um og skipuleggja.

Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf milli Undralands og Flúðaskóla er háttað þannig að nemendur leikskólans fara jafnt og þétt yfir í Flúðaskóla á starfstíma hans. Á vordögum eru heimsóknir tíðari. 1. bekkur er sömuleiðis boðið yfir í leikskólann en sjaldnar.

Skólahópurinn fær þjálfun í góðum siðum og færni, þekkingu og miðlun yfir veturinn þannig að börnin fari vel undirbúin frá okkur. Skilafundur er að vori.

Deildarstjóri og umsjónarkennari 1. bekkjar sjá um að skipuleggja nemendaskiptin.

Drög að starfsáætlun 2022- 2023 með 2023 – 2024 ívafi
Ingveldur Eiríksdóttir apríl 2023

Áhugi er á því innan leikskólans að auka samstarfið og hafa það bæði meira, fjölbreyttara og með öðru sniði. T.d. væri gaman að skipuleggja endurmenntun, útinámssvæði og verkgreinakennslu saman og sameiginlegar stundir með leik- og grunnskóla úti sem inni.

Barnafjöldi veturinn 2022-2023

Um 40 börn eru á leikskólanum í apríl 2023 og stendur til að taka inn öll 18 mánaða börn eftir því sem þeim áfanga er náð. Ekki hefur verið unnt að taka yngri börn inn, nema þá börn starfsfólks.

Bréf sent	Kennitala		umsókn dagsetn	18 mán	Möguleg upphafsd.
13.4.2023	080922-2640	Diaconu Jessica María	27.1.2023	mar.24	feb
13.4.2023	040822-2320	Sara Maria Macinic	26.2.2023	feb.24	jan
13.4.2023	160722-2310	Salka Bárudóttir	12.1.2023	jan.24	jan
13.4.2023	180422-2340	Adrianna Skúla Davíðsdóttir	30.4.2023	okt.23	okt.
16.8.2022	220122-2120	Arnar Thor Björgvinsson	18.3.2022	júl.23	sept
13.4.2023	100122-2190	Kolka Rán Bergmann Sigurðardóttir	12.8.2022	júl.23	ág´.
13.4.2023	291221-2460	Valkyrja Rós Filmer Magnúsd	30.7.2022	júl.23	ág´.
13.4.2023	231121-2930	Þorbjörg Þóra Andrad	4.3.2022	ok ap. 23	ág´.
13.4.2023	011121-2410	Mattías Ari Heimisson	27.7.2022	apr.23	maí
	Aldur barna	Elstu börnin eru neðst.			
	Kennitala				
	080922-2640	Diaconu Jessica María			
	040822-2320	Sara Maria Macinic			
	160722-2310	Salka Bárudóttir			
	180422-2340	Adrianna Skúla Davíðsdóttir			
	220122-2120	Arnar Thor Björgvinsson			
	100122-2190	Kolka Rán Bergmann Sigurðardóttir			
	291221-2460	Valkyrja Rós Filmer Magnúsd			
	231121-2930	Þorbjörg Þóra Andrad			
	011121-2410	Mattías Ari Heimisson			

Stoðþjónusta

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings hefur verið lögð niður og unnið er að mótun nýrrar skrifstofu í samstarfi sömu aðila og stóðu að henni fyrir utan Ölfus og Hveragerði. Nú um mundir vantar ýmsa aðila til að vinna að málum með okkur en útlit er fyrir að margt málið verði hægt að vinna áfram með verktakasamningi.

Skólaþjónusta byggir á lögum um leikskóla og reglugerð um skólaþjónustu við leikskóla

<https://island.is/reglugerdir/nr/0444-2019>